

Eftirhreytur um Snæfell

Í tilefni af grein minni um Fjalltívann í Snæfelli í 1. tölublaði Glettings 2003, langar mig að koma á framfæri nokkrum viðbótum.

Magnleysi Oddbergs

Skömmu eftir að blaðið kom út hringdi til míni maður að nafni Oddbergur Eiríksson, búsettur í Grafarvogi í Reykjavík, sem nú er um átrætt. Hann greindi frá því að fyrir um 30 árum hefði hann gengið á Snæfell með ungum frænda sínum. Hann telur að þeir hafi farið hina vanalegu leið upp suðvesturöxl fjallsins. Veður var stillt og bjart og gekk fjallgangan að óskum þar til komið var upp á öxlina ofan við hlíðarbrattann.

Þá urðu þeir skyndilega báðir svo máttlausir að þeir áttu erfitt með gang, en héldu þó öllum sönsum, að hann telur, og fundu ekki fyrir öndunarerfiðleikum. Þeir létu þetta ekki á sig fá og tókst að komast upp á tindinn, sem er tiltölulega stutt og þægileg leið, en veittist þeim bysna erfitt við þessar aðstæður. Þeir fóru svo sömu leið til baka, en þá brá svo við að magnleysinu létti af þeim um leið og þeir komu á öxlina, þar sem það hafði sest að þeim.

Oddbergur segist hafa gengið á mörg fjöll, m.a. á Öræfajökul, en aldrei orðið fyrir þess háttar áhrifum eða „fjallaveiki“ af neinu tagi, því þótti honum þetta ein-kennilegt og óskiljanlegt, ekki síst þar sem allar aðstæður voru hinar bestu.

Norðurljósakórónan

Í greininni er sagt frá furðulegum ljósagangi er hópur manna úr Ferðafélagi Fljótsdalshéraðs varð vitni að við Snæfell 29. des. 1989, og tekin upp stutt lýsing á honum úr gestabók Snæfellsskála. Nýlega rakst ég ýtarlegri lýsingu á þessu fyrirbæri í blaðinu Austra, 25. jan. 1990, sem Björn Ingvarsson raftæknifræðingur á Egilsstöðum hefur ritað.

Það var á tíunda tíma um kvöldið að þau voru stödd við Snæfellsskála. Það hafði stytt upp og var orðið heið-skírt og stjörnubjart og vægt frost. Þeim varð litið til fjallsins í austurátt og sáust útlínur þess bera við himin.

Tökum við þá eftir dumbrauðum bjarma, sem geislaði upp yfir norðuröxl fjallsins og verður smám saman skærari. Bjarmi þessi breiðir úr sér til suðurs og suðvesturs og einnig lengra til norðurs. Bjarminn er sumsstaðar rauðleitur, annarsstaðar kaldgrænn, og myndar ljósstafi sem teyga sig samsíða upp á himinhvolfið og stefndu allir í einn punkt yfir okkur, sem virtist frá okkur séð vera austan við háhiminhvelfinguna og þá yfir fjalllinu.

Þessir ljósstafir sindruðu ekki eins og norðurljós gera, og þeir voru þráðbeinir, aðeins varð hægfara breyting á ljósstyrk og lit. Til suðurs sáum við neðri jaðar þessa fyrirbærис, og myndar hann láréttu skarpa línu lágt yfir sjóndeilarhring, og var ljósstyrkur mestur neðst, en dofnæði upp á við. Daufur hringur myndaðist um punktinn uppi á himninum. Þessi ljós virtust ekki vera mjög hátt á himninum, og giska ég á 4-7 km. Fyrirbæri þetta stóð yfir í um það bil 15 mínútur, en dofnæði þá og eyddist.

Blaðamaður Austra (Guðgeir Ingvarsson) hafði sam-band við Öddu Báru Sigfúsdóttur veðurfræðing og las fyrir hana lýsingu Björns. Hún kvaðst lítið geta sagt, „en taldi þó helst að þetta mundi vera einhver rafmagnsfyrirbrigði í háhvolfunum.“

Í Glettings-greininni er þetta nefnt „norðurljósakóróna“, sem er þekkt fyrirbæri en fágætt. Norðurljós verða til við árekstur rafhlaðinna agna frá sólinni við atóm og mólekúl loftsins, aðallega í 100-1000 km hæð. Segulsvið jarðar beinir þessum ögnum að belti umhverfis segulþólanar er liggur m.a. um Ísland.

Í Stjörnufræði-Rímfræði Þorsteins Sæmundssonar (1972) er þessi skýring gefin á norðurljósakórónu: „Þegar geislótt norðurljós eru fyrir ofan athuganda, virðast geislarnir allir stefna frá einum punkti og mynda hvirfingu eða kórónu um punktinn. Kórónupunkturinn er nálægt þeim stað sem segulhallanál stefnir á; á Íslandi er hann sem stendur um 14° til SSV frá hápunktum himins.“

Jónas Hallgrímsson náttúrufræðingur varð vitni að slíku fyrirbæri á ferðalagi á Grímstunguheiði 26. ágúst 1837, og lýsir því prýðilega í ritum sínum, t.d. í útgáfu Tómasar Guðmundssonar 1948, 2. bindi, bls. 103-105. Veðurfarsaðstæður voru þá ekki ósvipaðar og við Snæfell 1989. Það skal ósagt látið hvort fjallið hefur einhver áhrif í þessu sambandi, en eins og önnur eldfjöll hefur það sitt segulsvið.

H.Hg.